

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 25. mars 2024

Tilvísun: 202403065 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Aðalsel, Hásel, Mósel, Sel og Vestursel. Frístundabyggð F29 og landbúnaðarsvæði, Rangárþing ytra

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 13. mars 2024 óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 27. febrúar 2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagstillögu er að breyta hluta af skilgreindri frístundabyggð F29, um 17,6 hektara svæði í landbúnaðarsvæði.

Samhliða á að vinna deiliskipulag þar sem nánar verður gert grein fyrir byggingarheimildum, byggingaskilmálum og veitumálum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar.

Samráð og kynning

Vegna nálægðar við aðliggjandi frístundabyggð hvetur Skipulagsstofnun til að athygli aðliggjandi lóðarhafa og annarra hagsmunaaðila verði sérstaklega vakin á auglýsingu skipulagsbreytinganna. Minnt er á að í skipulagsgögnum þarf að koma fram hvernig staðið hefur verið að kynningu breytingar í skipulagsferlinu og gera grein fyrir breytingum að lokinni auglýsingu eftir því sem við á.

Stafrænt aðalskipulag

Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Berglind Sigurðardóttir



Berglind Sigurðardóttir

Berglind Sigurðardóttir
Sérfræðingur, svið deiliskipulags

Undirritað með OneSign